

Verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Bt. Stefáns Gíslasonar, formanns.

Umsögn send í gengum vefinn ramma.is

Reykjavík, 2. ágúst 2016

### Umsögn um drög að lokaskýrslu um 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Litluvellir ehf. (hér í framhaldi nefndur „**umsagnaraðili**“) hefur undanfarið kannað möguleika á því að reisa virkjun í Skjálfandafljóti við bæina Einbúa og Kálfborgará (hér eftir nefnd „**Einbúavirkjun**“). Umsagnaraðili hefur kynnt sér drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga (hér í framhaldi nefnd „**drögin**“) og vill koma að athugasemdum við efni draganna.

Í drögunum eru fjórir virkjunarkostir í Skjálfandafljóti teknir til skoðunar, þ.e. Fljótshnúsvirkjun, Hrafnabjargavirkjun A, B og C. Niðurstaða verkefnisstjórnarinnar er að allir þessir virkjunarkostir eigi heima í verndarflokki. Flokkunin byggir á því sjónarmiði að verðmætatamir virkjunarkostanna sé of hátt vegna náttúrufars og menningarminja. Umsagnaraðili hefur ekki sérstaka hagsmuni af þeim virkjunarkostum sem teknir voru til skoðunar. Það vakti þó athygli Litluvalla ehf. að í kynningu sem verkefnastjórnin sendi frá sér er að finna yfirlitsmynd þar sem búið er að merkja allt Skjálfandafljót sem „Landsvæði í verndarflokki“<sup>1</sup>. Umsagnaraðili telur slíka niðurstöðu ekki í samræmi við efni skýrslunnar og mótmælir því að verkefnisstjórnin leggi svo víðtækar hömlur á nýtingu vatnsréttinda í Skjálfandafljóti.

#### *Hugmyndir Litluvalla ehf. um virkjun*

Eins og áður segir hefur umsagnaraðili haft til skoðunar virkjunarkostinn Einbúavirkjun. Verkís hefur unnið frumdrög að greinargerð um virkjunina sem er fskj. 1 með umsögn þessari. Einbúavirkjun yrði 9,8 MW gegnumrennslisvirkjun en ekki lónsvirkjun eins og þær virkjanir sem eru til skoðunar í drögunum. Gegnumrennslisvirkjanir hafa töluvert minni umhverfisáhrif í för með sér heldur en lónsvirkjanir. Einbúavirkjun hefði því ekki í för með sér sambærileg umhverfisáhrif og þær virkjanir sem að verkefnastjórn fjallar um og tilheyrir vatnasviði Skjálfandafljóts. Áhrifasvæði virkjunarinnar er ekki nema um 2,5 km eftir því sem að kemur fram í frumdrögum frá Verkís.<sup>2</sup> Því er í raun um að ræða umhverfisvæna rennslisvirkjun þar sem að virkjunin er löguð að landinu. Að mati umsagnaraðila yrði virkjunarkosturinn Einbúavirkjun með allra umhverfisvænustu virkjunum landsins sé tekið mið af framleiðslumagni raforku í MW á hvern fermetra lands sem er raskað.

<sup>1</sup> Kynninguna má finna á slóðinni: <http://www.ramma.is/media/verkefnisstjorn-gogn/Rammaaaetlun-Flokkun-160331.pdf>

<sup>2</sup> Eftirfarandi kemur fram í frumdrögum frá Verkís „Vatninu verður veitt um 1,3 km langan aðrennslisskurð að stöðvaintaki skammt ofan við þar sem Kálfborgará rennur í Skjálfandafljót. Stöðvahús yrði reist skammt neðan við inntakið og þaðan yrði grafinn um 1,2 km langur frárennslisskurður út í fljótið um 800 m neðan við ármótin við Kálfborgará [...]“

### *Athugasemdir umsagnaraðila*

Í ljósi þess ósamræmis sem fram kemur í kynningargögnum frá verkefnisstjórninni og umfjöllunar í drögunum telur umsagnaraðili sig knúinn til að koma fram athugasemdum við drögin. Umsagnaraðili mótmælir því að með verndar- og orkunýtingaráætlun sé tekin afstaða til nýtingar á landsvæði til orkuöflunar að öðru leyti en til að meta þá tilteknu virkjanakosti sem eru til umfjöllunar. Umsagnaraðili bendir á að verkefnisstjórnin hefur ekki lagaheimild til að mæla fyrir um nýtingu annarra virkjunarkosta en þeirra sem eru til skoðunar. Einnig er bent á að þar sem aðrir virkjunarkostir hafa ekki verið kynntir fyrir verkefnisstjórninni þá gæti niðurstaða sem útilokaði slíka virkjunarkosti aldrei talist hafa hlotið meðferð sem uppfyllti lágmarkskröfur um stjórnsýslulega málsmeðferð. Því er afar mikilvægt að ekki sé gefið til kynna með neinum hætti í skýrslunni eða öðrum gögnum sem verkefnisstjórnin sendir frá sér að flokkun einstakra virkjunarkosta í verndarflokk taki til annars en þeirra tilteknu virkjunarkosta en ekki jafnframt til hvers konar mögulegrar nýtingar í Skjálfandafljóti.

Samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 skal í verndar- og orkunýtingaráætlun mótuð stefna um hvort landsvæði þar sem er að finna virkjunarkosti megi nýta til orkuvinnslu eða hvort ástæða sé til að friðlýsa þau eða kanna frekar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna. Þá segir að verndar- og orkunýtingaráætlun taki til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna. Einnig skal í verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við markmið laganna lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Í 2. mgr. 9. gr. laganna er gert ráð fyrir að unnt sé að óska eftir því að tiltekinn virkjunarkostur sé tekinn til umfjöllunar af verkefnisstjórn. Í þessu felst að niðurstaða verkefnisstjórnar getur einungis tekið til þess virkjunarkosts sem óskað hefur verið eftir að fái umfjöllun og þeirra áhrifa sem slíkur virkjunarkostur hefur. Engin heimild er fyrir verkefnisstjórnina að taka afstöðu til landsvæða án tillits til þess hvaða virkjunarkostur er til skoðunar. Slíkt væri ekki í samræmi við góða stjórnsýsluhætti enda er nauðsynlegt að meta virkjunarkost með heildstæðu hagsmunamati, sbr. 1. gr. laganna. Í slíku mati þarf að taka til skoðunar áhrif tiltekins virkjunarkosts á landsvæði, samfélagsleg áhrif, afl sem virkjunarkosturinn myndi skila o.s.frv. Ennfremur hefur verkefnisstjórnin ekki heimild til að taka afstöðu til virkjunarkosta sem ekki ná 10 MW uppsettu rafafli eins og áætlað er að Einbúavirkjun verði.

Í rökstuðningi verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar fyrir verndun vatnasviðs Skjálfandafljóts sem fram kemur í umfjöllun um Fljótshnúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjanir A, B og C segir að á vatnasviði Skjálfandafljóts séu 16 tegundir fugla á valista og að virkjanir yrðu á svæði sem er óbyggð víðerni. Þá muni virkjanir hafa neikvæð áhrif á ferðamennsku og útivist og skerða óbyggð víðerni. Ef áhrifasvæði Einbúavirkjunar er skoðað þá á eiga framangreindar röksemdir eingöngu við að mjög litlu leyti. Einbúavirkjun yrði staðsett að mestu á jörð sem er í byggð þar sem stundaður er búskapur. Þannig yrði ekki um skerðingu á óbyggðum víðernum að ræða. Neikvæð áhrif á ferðamennsku yrðu óveruleg þar sem virkjunin er ekki yrði um að ræða röskun á stað sem ferðamenn hefur sérstakt aðdráttarafli fyrir ferðamenn. Við gerð greinargerðar Verkís skoðaði fuglafræðingur



áhrifasvæði Einbúavirkjunar í júní 2016. Aðallega sáust algengar mófugla- og spörfuglategundir á áhrifasvæðinu og aðeins tvær tegundir sem eru á valista, en það voru straumönd og grágæs. Straumönd er algengur fugl á Íslandi en er á valista vegna þess að Ísland er eina heimkynni hennar í Evrópu en ekki vegna þess að hún sé sjaldgæf. Grágæs er einnig algengur fugl og sögulega er stofninn mjög stór en hafði fækkað fyrir síðustu aldamót þegar válisti Náttúrufræðistofnunar kom út. Aðeins sáust tvö pör straumanda, annað á flugi upp Skjálfandafljótið og annað sitjandi á steinum í ánni. Grágæs hefur fjölgað síðan og líkur á að hún færi af valista ef hann yrði endurskoðaður. Ekki sáust grágæsir með unga en nokkrar fullorðnar gæsir við fljótið.

Af framangreindu er ljóst að umhverfisáhrif Einbúavirkjunar eru ekki á nokkurn hátt sambærileg við áhrif virkjanakostana Hrafnabjargavirkjun A,B og C og Fljótshnjúkavirkjun. Umsagnaraðilar leggjast gegn því að bakkar Skjálfandafljóts verði í heild sinni skilgreindir í verndarflokki eins og lesa má út úr ofangreindri kynningu verkefnastjórnar. Forsendur fyrir slíkri verndun koma enda hvergi fram í drögum verkefnastjórnar. Þá er einnig mótmælt niðurstöðu sem haft gæti áhrif á möguleika umsagnaraðila til að reisa Einbúavirkjun.

f.h. Litluvalla ehf.



Hilmar Ágústsson, stjórnarmaður



Kristján Gunnar Ríkhartsson, stjórnarformaður